

## Íslandssími hf. gegn Landssíma Íslands hf.

### I.

#### Erindið

Með bréfi, dags. 11. mars 2002 sendi Íslandssími hf. inn athugasemd vegna þess að samtengiverð í farsímanet Landssíma Íslands byggði ekki á kostnaði eins og áskilið er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 107/1999. Í lok erindisins er farið fram á að Póst- og fjarskiptastofnun hefðist þegar handa við að skilgreina kostnaðarverð af rekstri farsímanets Landssímans og ákvarði samkvæmt því innhringiverð inn í farsímanet Landssímans.

### II.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Erindið var sent Landssímanum til umsagnar með bréfi, dags. 21. mars 2002. Svar fyrirtækisins barst með bréfi, dags. 16. apríl 2002. Í umsögn Landssímans kom m.a. fram sú skoðun, að ef Póst- og fjarskiptastofnun hygðist óska eftir því við Landssímamann að hann sýndi fram á kostnaðarleg rök á bak við rekstur farsímanets síns á þeim grundvelli að Landssíminn hefði umtalsverða markaðshlutdeild þá væri einsýnt að hliðstæð kvöð hvíldi á Tali. Þá benti Landssíminn á að samtengigjöld fyrir farsímanet Landssímans væru meðal þeirra lægstu í Evrópu og að samtengigjöld annarra fjarskiptafyrirtækja á markaði hér á landi væru mun hærri en Landssíminn tæki fyrir lúkningu í sínu neti.

##### 2.

Haldinn var fundur með aðilum í húsakynnum Póst- og fjarskiptastofnunar þann 19. september 2002. Aðilar töldu samningaleiðina fullreynda og óskuðu eftir að Póst- og fjarskiptastofnun tæki málið til meðferðar. Ákveðið var að Íslandssími skilaði inn nýrri greinargerð sem fyrst.

##### 3.

Íslandssími skilaði inn greinargerð 30. október 2002, þar sem farið var fram á að samtengiverð inn í farsímanet Landssímans lækkaði niður í fjárhæð á bilinu kr. 8,74 til kr. 8,83, án virðisaukaskatts og að ekki væri gert ráð fyrir að munur væri á samtengigjöldum eftir því hvenær dagsins er hringt.

Í greinargerðinni er farið yfir þær samtengiviðræður sem átt hafa sér stað á milli Íslandssíma hf. og Landssíma Íslands hf., þar segir m.a.: “Í upphafi samtengiviðræðna Íslandssíma hf. og Landssímans sumarið 1999 var samtengiverð inn í GSM það mál sem lengst var deilt um. Eftir nokkurt þref varð niðurstaðan að samtengiverð í GSM skyldi verða kr. 12,50. Í næstu samningalotu var verðið lækkað í kr. 12,00 á daginn og kr 10,00 á kvöldin. Í þriðju samningalotunni sem lauk í október 2001 fór verðið niður í 11,00 á daginn og 10,00 á kvöldin. Í samanburði við samtengiverð í fastlínunet, sem er kr. 0,44 á daginn og kr. 0,28 á kvöldin, þá eru þessi verð óeðlilega há.

Í bréfi Íslandssíma var einnig fjallað um skilgreiningu á þeim mörkuðum sem teljast til fjarskiptaþjónustu, en sú umfjöllun sem sett er fram þar hefur ekkert sjálfstætt gildi varðandi niðurstöðu í þessu máli.

Í bréfinu var einnig umfjöllun um skiptingu tekna af símtölum í GSM netinu, sem ekki er ástæða til að rekja hér.

Þá er í greinargerð Íslandssíma fjallað um undirboð (e. predatory pricing), það er þegar fyrirtæki lækkar verð á vöru sinni svo mikið að viðskiptin verða óarðbær, með það að markmiði að auka markaðshlutdeild sína á kostnað samkeppnisaðila. Ekki er ástæða til, í þessu máli, að fjalla sérstaklega um hvort Landssíminn beiti undirboðum. Krafan snýst eingöngu um það að Landssíminn lækki gjöld fyrir samtengingu í kr. 8,74 til kr. 8,83, án virðisaukaskatts og að ekki sé gert ráð fyrir að munur sé á verði eftir því hvenær dagsins er hringt. Hvernig Landssíminn hagar verðlagningu á öðrum þáttum farsímasímtala, s.s. fyrir upphaf símtals, innan kerfis verð o.s.frv., hefur ekki sjálfstæða þýðingu að því er varðar niðurstöðu um það verð sem heimilt er að taka fyrir lúkningu á GSM símtölum í farsímaneti Landssímans.

Í greinargerð Íslandssíma er gefinn upp samanburður á samtengiverðum í farsíma í Noregi og Svíþjóð. Samkvæmt þeim tölum er verðið í Svíþjóð ÍKR. 8,74 miðað við gengi í júlí 2002, og í Noregi er verðið ÍKR. 9,11 miðað við gengið 11,677.

Þá krafðist Íslandssími þess að Landssíminn rökstyddi þau samtengiverð sem fyrirtækið býður, sbr. 26. gr. fjarskiptalaga.

#### 4.

Landssímanum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir við greinargerð Íslandssíma og var frestur gefinn til 18. nóvember 2002, sem var seinna framlengdur með vitund lögmanns Íslandssíma til 18. desember 2002. Svar barst þann dag og var gerð sú krafa, að Póst- og fjarskiptastofnun hafni alfarið erindi Íslandssíma hf. Til vara er gerð sú gagnkrafa, að Póst- og fjarskiptastofnun útnefni Íslandssíma hf. með umtalsverða markaðshlutdeild, annars vegar á markaði fyrir rekstur farsímaneta og farsímaþjónustu og hins vegar á samtengingarmarkaðnum og þess jafnframt krafist að Póst- og fjarskiptastofnun leggi allar sömu kvaðir á Íslandssíma hf. á hinum skilgreinda markaði og hún hefur lagt á eða kann að leggja á Landssíma Íslands hf.

Landssíminn gerði einnig athugasemdir við málavaxtalýsingu Íslandssíma. Þar segir m.a: *“...í engu getið umtalsverðra hækkana inn í farsímanet Tals hf. og Íslandssíma hf, sem átt hafa sér stað á síðustu misserum. Í fyrstu var út frá því gengið að gagnkvæmni skyldi ríkja við verðlagningu á endagjöldum í farsímanet. Nú er hins vegar all mikið misvægi á þessari verðlagningu. Íslandssími skrifaði fyrst undir samtengisamning við Símann 8. nóvember 2000. Þann 19. júlí 2001 var þeim samningi sagt upp með 6 mánaða fyrirvara eins og kveðið er á um í samningnum. Ástæða uppsagnarinnar var óánægja Íslandssíma með endagjöld Símans. Eftir samningaviðræður var komist að samkomulagi við Íslandssíma um að lækka endagjöld inn í farsímanet Símans frá og með 1. júlí 2001. Þann 19. nóvember 2001 kynnti Íslandssími drög að verðskrá fyrir samtengiþjónustu Íslandssíma, sem tók gildi 1. desember sama ár. Í þeirri verðskrá voru boðaðar verulegar hækkanir bæði á samtengigjöldum í fastaneti (50%) og í farsímanetum (13%), sem þó voru þá þegar 9% hærri en hjá Símanum.”*

Þá taldi Landssíminn að eftir sameiningu Tals, Halló og Íslandssíma, bæri markaðurinn einkenni virks tvíkeppnismarkaðar, þar sem hvorugur aðilinn hefði slíkan styrk að geta starfað án þess að taka tillit til keppinautarins eða neytenda.

Sem rökstuðning fyrir aðalkröfu sinni sagði Landssíminn þetta:

*”Þrátt fyrir að Síminn hafi í leyfisbréfi Póst- og fjarskiptastofnunar verið útnefndur með umtalsverða markaðshlutdeild m.a. á markaði fyrir farsímaþjónustu og samtengingu neta, hefur stofnunin fram til þessa ekki talið ástæðu til að beita þeim úrræðum sem slíkri skilgreiningu geta fylgt. Þannig er í B. hluta II. kafla leyfisins, um NMT farsímaþjónustu, og C. hluta sama kafla, um GSM farsímaþjónustu í 900 og 1800 MHz, hvergi vikið að skyldu til að verðleggja endagjöld til samræmis við kostnað við stofnun og rekstur nets, að viðlagðri hæfilegri álagningu.*

*Gera verður ráð fyrir að þessi afstaða stofnunarinnar hafi byggst á grundvallarmun á fastanetinu og farsímanetinu. Fastanetið var byggt upp og rekið í áraraðir í skjóli einkaréttar til að reka net og veita talsímaþjónustu. Af þessum sökum er viðtekið og óumdeilt að verðlagning á endagjöldum í fastanetið skuli byggð á kostnaði. Fjárfesting í farsímanetum er hins vegar ný af nálinni. Slík net hafa verið byggð upp og rekin í fullri og frjálsri samkeppni, þar sem einkaréttar hefur ekki notið við. Við slíkar aðstæður ber stjórnvöldum, hvort heldur Póst- og fjarskiptastofnun eða Samkeppnisstofnun, að hlutast ekki til um verðlagningu á endagjöldum, nema fram hafi komið slíkir breistir í gerð markaðarins að virkri samkeppni stafi hætta af. Inngrip í verðlagningu á farsímaþjónustu myndi því fela í sér breytingu á afstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar til þessa markaðar í algjörum grundvallaratriðum.”*

Þá tiltók Landssíminn að með ákvörðun Samkeppnisstofnunar, nr. 17/1999, hafi Landssímanum verið gert að haga fjárhagslegum aðskilnaði GSM þjónustunnar með eftirfarandi hætti:

*„Að GSM-þjónustan sé rekin sem sjálfstæð rekstrareining, aðskilin frá öðrum rekstri Landssímans og gerð upp sérstaklega. Í uppgjöri GSM-þjónustunnar felist að tekjur og gjöld séu gerð upp sérstaklega svo og eignir í rekstri, þ.e. fastafjármunir sem tengjast GSM-þjónustu, að viðbættum hreinum veltufjármunum. Til gjalda sé færður beinn kostnaður og hlutdeild í óbeinum kostnaði.*

*Að GSM-þjónustan beri eðlilegan hluta af sameiginlegum kostnaði Landssímans, s.s. kostnaði vegna yfirstjórnar og stodddeilda, húsnæðiskostnaði, tölvuþjónustu o.s.frv.*

*Að öll viðskipti milli GSM-þjónustu og annarra sviða Landssímans séu eins og viðskipti milli óskyldra aðila.*

*Að keppinautar Landssímans njóti sömu viðskiptakjara og GSM-þjónustan nýtur.*

*Að rekstur GSM-þjónustunnar sé ekki að neinu leyti niðurgreiddur.“*

Þar sem varakrafa Landssímans er til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun í sérstöku máli, þá er ekki ástæða til þess að fjalla sérstaklega um hana hér.

## 5.

Íslandssíma var gefinn kostur á að koma með athugasemdir við greinargerð Landssímans með bréfi, dags. 19. desember 2002. Svar barst þann 10. janúar 2003, þar sem Íslandssími ítrekaði upphaflega kröfugerð sem send var 30. október 2002, en sagði jafnframt að miklar breytingar hefðu orðið á markaðnum síðan þá, með samruna Íslandssíma hf., Tals hf. og Halló! Frjálsra Fjarskipta ehf. Þá mótmælti lögmaður Íslandsíma því að við þessar breytingar á markaðnum hefði staða Landssímans eitthvað breyst. Í bréfinu kemur m.a. fram:

*“Það er einnig mikil einföldun að fjarskiptamarkaðurinn beri einkenni virks tvíkeppnismarkaðar. Munurinn á Landssíma Íslands hf. og Íslandssíma hf. er gríðarlegur, jafnvel eftir samrunann. Landssíminn hefur einokunarstöðu á heimtaugarhluta fastlínukerfisins og nær þar tekjum sem nema á annan milljarð króna (reyndar er ótrúlegt hvað mikil hækkunarþörf hefur verið á þessum hluta rekstursins), félagið býr við yfir 100 ára rekstrarsögu og hefur fyrir löngu greitt upp verulegan hluta stofnkostnaðar, félagið átti alla símnótendur landsins til skamms tíma o.s.frv. Íslandssími er á sama tíma að greiða upp stofnkostnað og þarf að ná viðskiptavinum sínum af Landssímanum. Þótt Íslandssími hafi góða stöðu á GSM markaði, þá má ekki gleyma því að þar einnig hafði Landssíminn nokkurra ára forskot og náði þannig flestum af verðmætustu viðskiptavinunum og það er öllum brögðum beitt til að halda í þá viðskiptavini.”*

Um samtengiverðið þá sagði Íslandssími m.a. þetta:

*Málatilbúnaður Íslandssíma hf. er einfaldur. Í 26. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 er kveðið á um að gjöld fyrir samtengingu skuli vera gagnsæ og byggjast á kostnaði. Það er ágreiningslaust og hefur tíðkast a.m.k. þann tíma sem undirritaður hefur komið að samtengisamningum, að Póst- og fjarskiptastofnun hafi um það úrskurðarvald hvað sé hæfilegt gjald fyrir samtengingu, ef formlegri kostnaðargreiningu er ekki lokið. Sú kröfugerð Landssíma Íslands að Póst- og fjarskiptastofnun hafni erindinu er þannig fráleit og í engu samræmi við lög um fjarskipti.”*

## 6.

Póst- og fjarskiptastofnun skrifaði bréf til Landssímans og óskaði eftir athugasemdum við umsögn Íslandssíma. Svar barst með bréfi, dags. 28. janúar 2003. Um aðalkröfu Landssímans segir þetta:

*“Aðalkrafan um að hafna beri erindi Íslandssíma byggir á, að ekki séu uppi þær aðstæður á íslenskum farsímamarkaði, að málefnalegar forsendur styðji inngrip Póst- og fjarskiptastofnunar í verðlagningu á endagjöldum í farsímanet. Þessi afstaða hefur þegar verið rökstudd í bréfi Símans, dags. 18. desember 2002. Þar er tiltekið að í slíkum inngripum myndi felast grundvallarbreyting á afstöðu stofnunarinnar. Fjárfestingar í farsímanetum séu nýjar af nálinni og þar gildi önnur sjónarmið en um fastanet. Þá sé verðlagning á farsímaþjónustu til neytenda ekki umfram það sem gerist í helstu viðmiðunarríkjum”*

Um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til inngripa sagði Landssíminn:

- *Póst- og fjarskiptastofnun hefur valdheimildir á grundvelli fjarskiptalaga til að mæla fyrir um verðlagningu á samtengigjöldum á grundvelli kostnaðar, auk hæfilegrar álagningar, sbr. 26. gr. fjarskiptalaga.*

- *Þessi valdbærni nær fyrst og fremst til fastanetsgjalda, en getur einnig tekið til farsímafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaðnum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. i.f.*
- *Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt þegar við á að gera kröfu um lagfæringu samtengigjalda, sbr. 3. ml. 1. tl. 1. mgr. 26. gr.”*

Að mati Landssímans eru engir slíkir breistir í markaðsgerðinni að viðeigandi sé í skilningi 3. ml. 1. tl. 1. mgr. 26. gr., að stofnunin nýti heimild (ekki skyldu) til inngripa og að slík íhlutun myndi ekki standast kröfur stjórnslulaga um meðalhóf í aðgerðum og málefnaleg sjónarmið að baki íþyngjandi stjórnvaldsaðgerðum, nema að lokinni ítarlegri greiningu á markaðnum.

Þá telur Landssíminn að hagsmunir neytenda kalli ekki á íhlutun þar sem smásöluverðlagning hér á landi sé hófleg miðað við nágrannalönd. Einnig að ekki séu efni til að leggja kvöð um kostnaðarmiðuð endagjöld á annan aðilann á markaðnum, en ekki hinn. Við slíkt myndi skapast ójafnvægi í réttindum og skyldum fyrirtækja á tvíkeppnismarkaði, sem ekki fær staðist lög.

Þá telur Landssíminn að ef fallist verði á kröfu Íslandssíma mundu viðskiptamenn Landssímans fjármagna rekstur á farsímaneti keppinautarins á sama tíma og þeim yrði meinað að njóta hagræðis af hagkvæmum fjárfestingum og mikilli framlegð í farsímaneti þess fyrirtækis sem þeir skipta við. Ástæðan sé það ójafnvægi sem þegar er á endagjöldum Símans annars vegar og Íslandssímasamstæðunnar hins vegar, en munurinn nemur um 20%.

Þá ítrekaði Landssíminn varakröfu sína að Íslandssímasamstæðan verði útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild (FUM) á markaði fyrir rekstur farsímaneta og farsímaþjónustu, svo og á samtengimarkaðnum í heild og að allar sömu kvaðir verði lagðar á Íslandssímasamstæðuna á hinum skilgreinda markaði og lagðar hafa verið á eða kunna að vera lagðar á Landsíma Íslands hf.

## 7.

Póst- og fjarskiptastofnun skrifaði bréf til Landssíma Íslands hf., dags. 5. febrúar 2003, þar sem Landssíminn var m.a. beðinn um kostnaðarútreikninga ásamt rökstuðning fyrir lúkningu símtala í farsímaneti Landssímans. Þess var óskað að upplýsingarnar bærust Póst- og fjarskiptastofnun fyrir 26. febrúar 2003.

Í mars fóru fram viðræður á milli Landssímans og Íslandssíma um hvort félögin gætu náð samningum um hver gjöldin ættu að vera og fóru viðræðurnar fram með vitund Póst- og fjarskiptastofnunar. Þann 7. apríl barst tölvupóstur frá lögmanni Íslandssíma þess efnis að samningar hafi ekki tekist við Landssímamann. Í framhaldi af því var óskað eftir að Landssíminn skilaði inn þeim gögnum sem beðið var um í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar frá 5. febrúar 2003, en rétt þótti að bíða með að fá gögnin afhent á meðan aðilar reyndu samningaleiðina. Svar barst, dags. 10. apríl 2003. Með því fylgdi frumgreining Landssímans á kostnaði við GSM kerfið. Í bréfinu var lögð áhersla á að kostnaðargreiningin væri á frumstigi og væri ekki lokið og því væri skjalið merkt sem vinnuskjal.

Niðurstöður útreikninga eru eftirfarandi:<sup>1</sup>

1. Rekstrarkostnaður	Radíó-stöðvar	Annar kostnaður	Samtals
Rekstrarkostnaður GSM kerfisins	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Samtals</b>	[...]	[...]	[...]
Á verðlagi apríl 2003	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]
<b>2. Fjárfestingakostnaður</b>			
[...]	[...]	[...]	[...]
[...]		[...]	[...]
[...]		[...]	[...]
<b>Samtals</b>	[...]	[...]	[...]
Á verðlagi apríl 2003	[...]	[...]	[...]
<b>Samtals kostnaður</b>	[...]	[...]	[...]
<b>Fjöldi mínútna</b>	[...]	[...]	
<b>Verð/mínútu</b>	[...]	[...]	
<b>3. Einingaverð</b>			
[...]	[...]		
[...]	[...]		
[...]	[...]		
	<b>8,92</b>		

### III.

#### Niðurstaða

Eins og fram kemur hér að ofan þá hefur Íslandssími krafist þess að samtengiverð inn í GSM kerfi Landssímans lækki niður í fjárhæð á bilinu kr. 8,74 til kr. 8,83, án virðisaukaskatts og að ekki sé gert ráð fyrir að munur sé á samtengingjöldum eftir því hvenær dagsins er hringt.

Landssíminn hefur hins vegar krafist þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafni alfarið erindi Íslandssíma. Þau rök sem Landssíminn færir fram eru m.a. eftirfarandi:

*“Þrátt fyrir að Síminn hafi í leyfisbréfi Póst- og fjarskiptastofnunar verið útnefndur með umtalsverða markaðshlutdeild m.a. á markaði fyrir farsímaþjónustu og samtengingu neta, hefur stofnunin fram til þessa ekki talið ástæðu til að beita þeim úrræðum sem slíkri skilgreiningu geta fylgt. Þannig er í B. hluta II. kafla leyfisins, um NMT farsímaþjónustu, og C. hluta sama kafla, um GSM farsímaþjónustu í 900 og 1800 MHz, hvergi vikið að skyldu til að verðleggja endagjöld til samræmis við kostnað við stofnun og rekstur nets, að viðlagðri hæfilegri álagningu.”*

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar

Það að ekki sé vikið að skyldu til að verðleggja lúkningu á símtölum inn í farsímanet í leyfisbréfi Landssímans, breytir engu varðandi þá lagaskyldu sem hvílir á Landssímanum, samkvæmt fjarskiptalögum, að bjóða lúkningu á kostnaðarverði hafi fyrirtækið umtalsverða markaðshlutdeild á þeim mörkuðum sem um er að ræða í hverju tilviki. Í rekstrarleyfi Landssímans, útgefnu þann 5. júní 2001, er Landssíminn skilgreindur með umtalsverða markaðshlutdeild, sbr. 3. gr., sbr. 2. gr. rekstrarleyfisins. Þá hefur Landssíminn ekki nýtt sér heimild 3. mgr. 3. gr. rekstrarleyfisins, þar sem kveðið er á um að ef leyfishafi telur sig ekki lengur njóta umtalsverðar markaðshlutdeildar á ákveðnum hluta fjarskiptamarkaðar eða að ástæða sé til að aðgreina ákveðna hluta fjarskiptamarkaðar nánar, geti hann lagt rökstudda beiðni fyrir Póst- og fjarskiptastofnun um að gerðar verði breytingar á 2. mgr. 3. gr. leyfisins. Samkvæmt þessu hefur Landssíminn umtalsverða markaðshlutdeild á markaði fyrir samtengingu neta og fellur þ.a.l., hvað viðkemur lúkningu símtala í farsímaneti sínu undir þær skyldur sem fram koma í 1. ml. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. Þá er því hvergi mótmælt af hálfu Landssímans, í þeim greinargerðum sem lagðar hafa verið fyrir Póst- og fjarskiptastofnun í máli þessu, að Landssíminn beri þessa skyldu. Kröfu Landssímans um að Póst- og fjarskiptastofnun hafni erindi Íslandssíma er því hafnað.

Eins og fram kom í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar frá 5. febrúar s.l. þá hafa aðilar hingað til kosið að fara samningaleiðina og samið um þau verð sem gilda í dag fyrir lúkningu símtala. Af því leiðir að stofnunin hefur hingað til ekki talið rétt að grípa til aðgerða vegna samtengigjalda í farsímanetum þar sem þau verð sem samið hefur verið um hafa verið tiltölulega hagstæð í samanburði við gjöld sem tekin hafa verið erlendis fyrir sambærilega þjónustu. Auk þess hefur Íslandssími (Tal einnig á sínum tíma) krafist Landssímamann um 20% hærra gjald fyrir lúkningu á símtölum sem enda í farsímaneti Íslandssíma en það gjald sem Landssíminn krefur Íslandssíma um.

Í 26. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um að gjöld fyrir samtengingu skuli vera gagnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets á grundvelli kostnaðarbókhalds, sem haldið skal. Landssíminn hefur nú lagt fram, að beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar, frumgreiningu á kostnaðarútreikningum fyrir endagjöldum í farsímaneti Landssímans og þær niðurstöður benda til þess að það gjald sem nú er tekið sé of hátt miðað við þann kostnað sem Landssíminn hefur af lúkningu símtala í farsímanetinu. Stofnunin telur eðlilegast að miða við þá útreikninga sem nú hafa verið lagðir fyrir hana á meðan ekki liggja fyrir kostnaðarútreikningar samkvæmt reglugerð nr. 960/2001, um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt því þá ber Landssímanum að lækka það gjald sem tekið er fyrir lúkningu á símtölum í farsímaneti Landssímans í kr. 8,92. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér allan rétt til að taka gjaldið til endurskoðunar, þegar nákvæmari kostnaðargreining liggur fyrir.

Varakröfu Landssímans um að Íslandssímasamstæðan verði úrskurðuð með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaðnum hefur verið tekin til meðferðar í sérstöku máli.

Ákvörðun þessi skal taka gildi frá og með 1. júní 2003.

#### **IV.**

##### **Ákvörðunarorð:**

Landssíma Íslands hf. er gert að lækka verð fyrir lúkningu á símtölum sem enda í GSM farsímaneti niður í kr. 8,92 án vsk. Ekki er gerður greinarmunur á því hvenær dagsins er hringt. Miðað skal við að hið nýja verð taki gildi frá og með 1. júní n.k.

Kópavogur, 23. apríl 2003

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson